

Sp.

42. Fyrirspurn

[42. mál]

til utanríkisráðherra um varnarsvæði.

Frá Svavari Gestssyni.

1. Hver eru hin svokölluðu „varnarsvæði“ samkvæmt hverndarsamningi Íslands og Bandaríkjanna frá 1951?
2. Hvenær var hvert svæði ákveðið sem „varnarsvæði“?
3. Hve stórt er hvert svæði að flatarmáli?
4. Hve mikið er/var greitt fyrir svæðið og hver eða hverjir tóku við greiðslunni? Ef um árlegt afgjald er að ræða óskast upplýst hve hátt afgjaldið hefur verið árlega og hver eða hverjir hafa tekið við greiðslunni.
5. Hefur utanríkisráðuneytið áform um að taka frekara land undir „varnarsvæði“?
6. Hafa borist óskir frá stjórn Bandaríkjanna um stærra landsvæði fyrir bandaríska herinn hér á landi?
7. Verður höfnin í Helguvík lýst sem „varnarsvæði“ eða er ætlunin að taka höfnina inn á íslensk hafnalög?
8. Hvar hafa „varnarsvæðin“ verið tilkynnt? Í Lögbirtingablaði, Stjórnartíðindum eða annars staðar?

Með svarinu óskast birt kort af „varnarsvæðinu“.

Skriflegt svar óskast.